

## Íbúaráð Vesturbæjar

Ár 2024, mánudaginn, 24. júní, var haldinn 47. fundur íbúaráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 16:05. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Stein Olav Romslo, Magnea Guðrún Gunnarsdóttir, Martin Swift, Halldór Bachmann og Ágústa Guðmundsdóttir. Einnig tók sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. másl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 eftirfarandi starfsmaður: Hörður Heiðarsson. Anna Kristinsdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning um flugumferð í Vesturbæ. MSS24040046
  - Kl. 16.31 tekur Þórhallur Aðalsteinsson sæti á fundinum.

Aðalsteinn Leifsson og Vilborg Magnúsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 28. maí 2024. um Þjónustukönnun íbúa. MSS24050135
3. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara dags. 4. júní 2024, um samantekt íbúafunda borgarstjóra í Vesturbæ. MSS24020072
4. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 4. júní 2024, um skil á tillögum íbúaráðs Vesturbæjar að fjárfestingar- og viðhaldsáætlun 2025 ásamt jafnréttisskimun, sbr. samþykkt íbúaráðs Vesturbæjar frá 27. maí 2024. MSS24040187
5. Lögð fram umsagnarbeiðni Skipulagsgáttar dags. 13. júní 2024, um nærþjónustukjarna innan íbúðarbyggðar í Skerjafirði breyting á aðalskipulagi. USK24020304  
Samþykkt að fela formanni íbúaráðs Vesturbæjar í samráði við fulltrúa ráðsins að skila inn umsögn fyrir tilskilinn frest.
6. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 13. júní 2024, um samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs á tillögu um stækkun á gjaldsvæðum bílastæða. USK24040128
7. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
  - Kl. 17.41 vísar Hörður Heiðarsson af fundinum
8. Lögð fram greinagerð dags 7. júní 2024 fyrir verkefnið Bókaklúbbur í Aflagranda vegna styrks úr Borginni okkar 2022. MSS22050123.  
Þessi liður fundarins er lokaður með vísan til 7. gr. samþykktar fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar.

### Fundi slitið kl. 17:47

Stein Olav Romslo

Halldór Bachmann  
Ágústa Guðmundsdóttir  
Þórhallur Aðalsteinsson

Martin Swift  
Magnea Gunnarsdóttir